

## 61.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands

61.stjórnarfundur Kraftlyftingasamband Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 25.janúar 2016 og hófst kl. 18.00. Mættir voru: Sigurjón Pétursson, Gry Ek og Ása Ólafsdóttir. Sturla Ólafsson og Kári Rafn Karlsson boðuðu forföll.

Þetta gerðist:

1. RIG undirbúningur  
Verið er að leggja lokahönd á undirbúningi vegna RIG 2016.  
Til umræðu
  - Gistikostnað vegna gestakeppenda, greitt verður heildarupphæð fyrir Stephen Manuel.
  - Farið yfir dómaraalista, dómarar verða sóttir og fá bíl til umræða
  - Starfsmannalista, klæðnaður og aðgangspassar tilbúnir
  - Móttaka hjá ráðherra menningarmála í undirbúningi
  - Aðgangsstýring og miðasölu í samstarfi við LSÍ
  - Veitingar fyrir starfsmenn, ákveðið að semja við Cafe Easy
  - Samningur við RÚV. Gry athugar með rétt til afnota á efni eftir útsendingu.
  - Búið að gera samkomulag við lyfjaeftirlitið
  - Lokahófið. Erlendir gestir, dómarar og undirbúningsnefndin fá boðsmiða í veisluna.
  - Upplýst að ekki tókst að finna sjálfboðaliða til þátttöku í hátíðardagskrá
2. EM í bekkpressu 2016.  
Upplýst að búið er að ganga frá samningum við EPF um öll atriði varðandi mótið. Invitation og Nominations forms hafa verið send út og birt á heimasíðu EPF. Heimasíða mótsins er opin.
3. Landsliðsmál.  
Búið er að yfirfara og undirrita alla samninga. Afrit hafa verið send öllum landsliðsmönnum.
4. Uppstillinganefnd  
Skipuð voru í uppstillinganefnd Ása Ólafsdóttir, Gry Ek og Sigurjón Pétursson.
5. Kæra fyrir Dómstól ÍSÍ  
Lögð voru fram drög að greinagerð til Dómstóls ÍSÍ vegna kæru frá KFA. Málið rætt og breytingar gerðar. Ákveðið að vinna málið áfram og senda svo greinagerðina til dómstólsins fyrir kl. 17.00 nk miðvikudag, að fengnu samþykki stjórnar.
6. Breyting á mótaskrá  
Að beiðni mótshaldara leggur mótanefnd til að Bikarmótið í klassískum kraftlyftingum verði færð aftur um viku og haldið 30.apríl.  
Samþykkt.  
Ása ætlar að ganga úr skugga um að húsið sé laust og mótshaldari klár og þá verður þetta birt eins og reglur segja til um.

Ekkert fleira gert. Fundi slitið 19,15  
Fundarritari Gry Ek